

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjaness 1. febrúar 2010 í máli nr. S-789/2009:

Ákærvaldið

(Sigríður Elsa Kjartansdóttir saksóknari)

gegn

X

(Jón Þór Ólason hdl.)

Mál þetta er höfðað með ákæru útgefinni af ríkissaksóknara 17. september 2009 á hendur X, kt. [...], Kópavogi, fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 20. júní 2009, í húsasundi milli Hafnarstrætis og Skipagötu á Akureyri, slegið Berglindi Magnúsdóttur, lögreglumann, sem þar hafði afskipti af ákærða vegna skyldustarfa sinna, með krepptum hnefa í andlitið, með þeim afleiðingum að hún tagnaði á kjálka.

Þetta er talið varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 25/2007.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Við aðalmeðferð málsins 5. janúar 2010 gerði ákærði aðallega kröfu um að málinu yrði vísað frá dómi, en til vara vægustu refsingu er lög leyfa. Þá krefst verjandi ákærða hæfilegrar þóknunar sér til handa.

I.

Í frumskýrslu lögreglunnar á Akureyri, hinn 20. júní 2009, sem rituð er af lögreglumönnum Berglindi Magnúsdóttur og Hallgrími Hallgrímssyni, segir að þau hafi verið stödd við eftirlit á Ráðhústorgi á Akureyri. Það hafi komið til átaka á torginu, manni hefði verið hrint í götuna og ákærði sparkað í hann. Lögreglu mennirnir hefðu farið þarna að en þegar ákærði hafi séð þá nálgast hafi hann hlaupið suður Skipagötu og inn í húsasund á milli Skipagötu 14 og Hafnarstrætis 100. Berglind hefði ítrekað skipað ákærða að stansa en ákærði ekki orðið við því. Hún hefði náð að hlaupa ákærða uppi í sundinu og ákærði snúið sér snögglega að henni. Hún hefði staðið fyrir framan ákærða, en ekki nálgast hann. Án nokkurs fyrirvara hefði ákærði slegið hana af fullu afli í andlitið með hægri hendi. Höggið hefði lent á vinstri vanga hennar. Ákærði hefði svo hlaupið áfram milli húsa, inn á Hafnarstræti og svo verið yfirbugaður þar við verslun 10-11. Í átökunum við handtökuna hefði höfuð ákærða rekist í ruslagám og hann fengið lítinn skurð á

höfuðið. Ákærði hefði verið færður í handjárn, en þar sem hann hafi verið með gifs á hægri hendi hafi hún verið sett í bensli og síðan fest við handjárn.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglunni á Akureyri eftir vist í fangahúsi. Í samantekt lögreglu segir að ákærði hafi viðurkennt að hafa átt í stimpingum á Ráðhústorgi en neitað því alfarið að hafa slegið lögreglumann, Berglindi Magnúsdóttur, en hann væri í gifs á hægri hendi. Hann kvaðst ekki geta lamið með vinstri hendi þar sem hann væri rétthendur.

Berglind Magnúsdóttir lögreglumaður gaf skýrslu hjá lögreglunni á Akureyri hinn 16. júlí 2009. Lýsti hún því að hafa verið í lögreglubifreið ásamt Hallgrími Hallgrímssyni lögreglumanni við eftirlitsstörf í miðbænum er þau hafi séð ryskingar. Þau hefðu farið úr bifreiðinni og þegar hún hafi nálgast ákærða hafi hann tekið á sprett suður Skipagötu. Hún hefði hlaupið á eftir honum og kallað a.m.k. tvisvar á eftir honum hátt og skýrt að stansa, þetta væri lögreglan. Ákærði hefði þá hlaupið yfir bifreiðaplanið við Pósthúsið og þaðan inn í húsasund við Hafnarstræti þar sem hún hefði króað hann af. Hún hefði staðið gegnt honum og það verið u.þ.b. ein armlengd á milli þeirra. Eiginlega um leið og hún hafi numið staðar hafi ákærði sagt að hann hefði ekki gert neitt og sveiflað hægri hendi í andlit hennar. Hún kvaðst vera viss um að hann hefði notað hægri hendi. Svo hefði hann hlaupið af stað inn á Hafnarstræti og hún misst sjónar af honum, en Hallgrímur Hallgrímsson lögreglumaður hefði hlaupið áfram og náð honum á bak við verslun 10-11. Hún kvaðst ekki hafa tekið eftir því að ákærði væri með gifs á hendi fyrr en við handtöku hans. Aðspurð hvar Hallgrímur hefði verið þegar hún hafi hlaupið á eftir ákærða í húsasundið sagði hún að hann hefði verið rétt á eftir sér.

II.

Í málinu liggur fyrir bráðasjúkraskrá slysadeildar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, dags. 20. júní 2009, sem Geir Hirleker skráði. Þar kemur fram að Berglind Magnúsdóttir lögreglumaður hafi komið á slysadeildina. Í sjúkraskránni segir að hún hafi skýrt frá því að hún hafi verið að elta mann í húsasundi og hann hefði kýlt hana með hægri hendi, sem hafi verið í gifs, vinstra megin í kjálkann. Við skoðun hafi hún kvartað undan höfuðverk og verið aum í „mandibulunum“, framanvert yfir beininu vinstra megin. Einnig hafi hún verið aum í kjálkaliðnum og fundið til verkjar þegar hún hreyfði kjálkann, bæði vinstra og hægra megin.

III.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði greindi frá því að hann hefði hlaupið undan Berglindi Magnúsdóttur lögreglumanni þegar hann hefði séð hana á Ráðhústorgi. Hún hefði elt hann inn í húsasund, en hann hefði komist frá henni og verið handtekinn stuttu síðar. Nánar um atvik í húsasundinu kvaðst hann hafa stansað þar vegna þess að hann hefði ekki komist lengra. Hann hefði snúið sér við og Berglind þá verið nokkrum metrum á eftir honum. Hann kvaðst hafa þurft að fara fram hjá henni til að komast undan. Um það hvort þau hefðu átt einhver orðaskipti kvaðst hann ekki muna hvað hann hefði sagt, en hún hefði sagt honum einu sinni eða tvisvar að nema staðar. Inntur eftir því hvort annar lögreglumaður hefði verið þarna kvað hann svo ekki hafa verið. Það hefði enginn annar lögreglumaður verið í húsasundinu. Hann lýsti því að hann hefði

verið með gifs á hægri hendi, sem náði frá olnboga og yfir litla fingur, baugfingur og löngutöng, en vísifingur og þumallinn hefðu verið lausir. Ákærði kvaðst hafa brotnað á handarbakinu um einni og hálfri viku áður. Ákærði neitaði því að hafa slegið Berglindi, en sagði að hann hefði örugglega brotist um til að komast fram hjá henni. Hún hefði rétt náð að grípa í öxl hans, en hann hefði komist nánast strax fram hjá henni. Hann kvaðst hafa rykkst hendinni frá. Spurður hvort það geti verið að hún hafi fengið högg í andlitið sagði hann að það gæti vel verið. Hann hefði ekki séð það gerast og hélt að það hefði ekki gerst. Það væri hins vegar mögulegt. Ákærði sagði að hann hefði aldrei haft ásetning til að slá eða meiða Berglindi. Hann útilokaði hins vegar ekki að hann hefði hugsanlega rekist í hana þegar hann hefði flúið frá henni. Ákærði sagði að það væri útilokað að hann hafi getað kreppt hnefann á þeirri hendi sem gifsíð var. Ákærði kvaðst hafa fengið höfuðhögg við handtökuna og fengið skurð á höfuð, um 4 cm langan, og það hefði blætt töluvert úr honum. Fram kom að ákærði hefði verið undir áhrifum áfengis.

Vitnið *Berglind Magnúsdóttir lögreglumaður* kvaðst hafa verið við eftirlit á Ráðhústorginu ásamt Hallgrími Hallgrímssyni lögreglumanni. Þau hefðu séð manni hrint í götuna og ákærða sparka í hann. Vitnið kvaðst hafa hlaupið á eftir ákærða út Skipagötuna og kallað á hann að nema staðar. Milli Skipagötu og Hafnarstrætis væri stórt húsasund og hafi þau farið þar á milli. Þegar þau hafi verið komin um hálfu leið að Hafnarstræti hafi ákærði numið staðar og vitnið stoppað um hálfu armlengd frá honum. Í þann mund sem hún hafi rétt út höndina hafi ákærði sagt að hann hefði ekki gert neitt og sveiflað hendinni og hún lent á kjálka vitnisins. Ákærði hefði hlaupið strax af stað og vitnið séð féлага sinn hlaupa á eftir honum. Vitnið hefði farið á eftir þeim og náð þeim seinna, þegar félagi hennar hafi verið búinn að ná ákærða bak við verslunina 10-11. Vitnið kvaðst ekki hafa fengið sjáanlega áverka eftir ákærða en vitnið hefði verið aumt en það liðið hjá eftir þrjá daga. Um ástæðu þess að ákærði hefði numið staðar í húsasundinu sagði vitnið að hann hefði getað haldið áfram. Borinn var undir vitnið framburður ákærða um að hann hefði numið staðar í húsasundinu vegna þess að hann hefði ekki komist lengra. Vitnið lýsti því að húsasundið lægi skáhallt og í miðju sundinu væri veggur, en það væri hægt að komast fram hjá honum. Þegar vitnið kom að ákærða hefði verið veggur á bak við hann. Vitnið var innt eftir því hvar félagi vitnisins, Hallgrímur Hallgrímsson lögreglumaður, hefði verið þegar ákærði sló vitnið. Vitnið svaraði því til að hann hefði örugglega verið nokkrum metrum á eftir sér vegna þess að þegar ákærði hefði hlaupið af stað hefði hún séð féлага sinn hlaupa á eftir honum. Innt eftir því hvort ákærði hafi ætlað að slá vitnið eða hvort það hafi verið óvart sagði vitnið að þetta hefði ekki verið högg, heldur hefði hann frekar sveiflað hendinni í áttina að henni. Vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir því í húsasundinu að ákærði hefði verið með gifs og vitnið gat ekki sagt hvort ákærði hefði slegið hana með krepptum hnefa eða ekki. Vitnið taldi að Hallgrímur lögreglumaður hefði séð þetta.

Vitnið *Hallgrímur Hallgrímsson lögreglumaður* greindi frá því að hafa verið vitni að áflogum á Ráðhústorgi og séð ákærða sparka í liggjandi mann. Vitnið hefði farið ásamt féлага sínum, Berglindi Magnúsdóttur lögreglumanni, til að skakka leikinn en ákærði hlaupið í burtu. Þau hefðu veitt honum eftirför niður Skipagötu og Berglind verið nokkuð á undan vitninu. Ákærði hefði farið inn í húsasund milli Skipagötu og Hafnarstrætis. Ákærði hefði stansað þar og virst vera áttavilltur og Berglind stansað rétt hjá ákærða. Ákærði hefði þá snúið sér við og slegið Berglindi í andlitið og síðan hlaupið fram hjá henni og inn Hafnarstræti. Vitnið kvaðst hafa

hlaupið á eftir ákærða og náð honum skömmu síðar við verslun 10-11 þar sem hann hafi verið yfirbugaður og handtekinn. Vitnið lýsti höggi ákærða í andlit Berglindar nánar þannig að ákærði hefði sveiflað hendinni. Þetta hefði verið sveifluhögg. Vitnið sagði að Berglind og ákærði hefðu ekki verið í átökum, heldur hafi smábíl verið á milli þeirra. Ákærði hefði snúið sér að Berglindi og slegið hana með því að sveifla hendinni og hlaupið strax fram hjá henni. Vitnið sagði að þetta hefði greinilega verið viljandi. Vitnið sagði einnig að þetta hefði litið út eins og ákærða hefði fundist hann vera innikróaður, hann hefði slegið hana og hlaupið áfram. Vitnið kvaðst ekki hafa getað séð að þetta hefði verið hnefahögg með krepptum hnefa. Þá kvaðst vitnið ekki hafa tekið eftir því að ákærði var í gífsi fyrr en hann var handtekinn. Innt um ástæðu þess að ekki var tekin sjálfstæð skýrsla af vitninu hjá lögreglu kvaðst vitnið ekki geta útskýrt það, en sagði að framburður sinn kæmi fram í frumskýrslu lögreglu.

Vitnið *Geir Hirleker* kvaðst muna vel eftir komu Berglindar Magnúsdóttur lögreglumanns á slysadeild. Hún hefði kvartað undan eymslum í kjálka, vinstra megin. Henni hafi fundist hún vera bólgin og kvartað undan eymslum við að hreyfa kjálkann frá hægri til vinstri. Ekki hefðu verið áverkar á húðinni, hvorki sár né mar, en hún hefði verið með bólgu eða smáhnúð á neðanverðum kjálkanum. Fram kom hjá vitninu að miðað við það hvernig gífs ákærða var þá hafi hann ekki getað slegið með krepptum hnefa.

IV.

Ákærða er gefið að sök brot gegn valdstjórninni með því að hafa slegið lögreglumann, sem hafði afskipti af ákærða vegna skyldustarfa sinna, með krepptum hnefa í andlitið. Við yfirheyrslu hjá lögreglu 20. júní 2009 neitaði hann sök og benti á að hann hefði verið í gífsi á hægri hendi. Tekin var lögregluskýrsla af Berglindi Magnúsdóttur lögreglumanni 16. júlí 2009 hjá sama embætti og hún starfaði hjá. Lýsti hún því að ákærði hefði sveiflað hægri hendi í andlit hennar. Ekki er um að ræða nánari lýsingu á þessu, s.s. á því hvort ákærði hafi verið með krepptan hnefa eða hvort hann hafi brotist um eða verið að reyna að komast fram hjá henni. Með hliðsjón af því sem hafði komið fram í málinu, um að ákærði var í gífsi, var full ástæða til að rannsaka málið frekar og m.a. taka lögregluskýrslu af Hallgrími Hallgrímssyni lögreglumanni, sem hafði veitt ákærða eftirför frá Ráðhústorgi ásamt Berglindi Magnúsdóttur, en það var ekki gert. Eins og atvikum var háttað var jafnframt ástæða til að fela öðru lögregluembætti að fara með lögreglurannsóknina svo fyllsta hlutleysis væri gætt við rannsókn málsins, sbr. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Þess í stað var gefin út ákæra á grundvelli ófullnægjandi lögreglurannsóknar, svo sem verknaðarlýsing í ákæru ber skýrlega með sér. Samkvæmt framansögðu ber að vísa máli þessu frá dómi.

Eftir þessum úrslitum greiðist allur sakarkostnaður úr ríkissjóði, þar með talin þóknun verjanda ákærða, Jóns Þórs Ólasonar hdl., sem þykir hæfilega ákveðin 149.400 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Úrskurð þennan kveður upp Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Allur sakarkostnaður ákærða, X, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin 149.400 króna þóknun verjanda hans, Jóns Þórs Ólasonar héraðsdómslögmanns.

Sandra Baldvinsdóttir